

## Fundargerð 5. fundar Ferðamálaráðs

Fundur haldinn hjá menningar- og viðskiptaráðuneyti 7. febrúar 2023, kl.10:00.

### Dagskrá:

1. Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 - stefnumótun og aðgerðaráætlun – kynning um stöðu mála.
2. Önnur mál.

**Mætt:** Sigrún Elsa Smáradóttir, formaður (tilnefnd af MVF), Arnheiður Jóhannsdóttir (varaformaður) Ingvi Már Pálsson (MVF).

**Mætt í fjarfundi:** Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (tilnefnd af FJR), Jóhannes Þór Skúlason (tilnefndur af SAF), Páll S. Brynjarsson (tilnefndur af SAF), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (tilnefnd af SÍS).

**Forföll:** Sigtryggur Magnason (tilnefndur af IRN), Steinar Ingi Kolbeinsson (tilnefndur af URN) og Bjarnheiður Hallsdóttir (tilnefnd af SAF).

Formaður bauð fundarfólk velkomið og gaf Ingva Má (MVF) orðið.

### 1. Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 – stefnumótun og aðgerðaráætlun.

- a. Ingvi Már fór yfir vinnu og stöðu mála í tengslum við stefnumótun ferðaþjónustunnar, (glærुकynning).
  - i. Vinna við stefnuramma ferðaþjónustunnar hófst að nýju s.l. haust, eftir að hafa verið sett á bið vegna Covid 19.
  - ii. Endurskoða þurfti fyrirliggjandi stefnuramma og uppfæra eftir þörfum. Engar efnislegar breytingar gerðar. Áfram er um að ræða 4 meginstoðir; efnahagur – gestir – samfélag – umhverfi. Kjarninn er sjálfbær þróun.
  - iii. Orðalag var lagfært, myndræn framsetning bætt og mælikvarðar gerðir ítarlegri.
  - iv. Menningar- og viðskiptaráðherra lagði uppfærðan stefnuramma fram fyrir ríkisstjórn þann 20. janúar s.l.
  - v. Verið er að setja saman starfshópa fyrir þá vinnu sem framundan er. Samsetning og verkefni þeirra hópa er í mótun.
  - vi. Búa þarf til aðgerðaráætlun sem byggir á stefnurammanum. Mikilvægt er að skilgreina aðgerðir vel, tímasetja þær og tilgreina þátttakendur. Aðgerðir þurfa að vera raunhæfar og markvissar með þátttöku greinarinnar.
  - vii. Í framhaldinu munu gögn verða sett inn í samráðsgátt stjórnvalda þar sem aðilum gefst kostur á að senda inn umsagnir. Ekki vitað hvenær.
- b. Í kjölfar kynningarinnar voru umræður, þessar helstar:
  - i. Öryggismál í ferðaþjónustu og tölfræði; gögn og mælikvarðar varðandi öryggi.
  - ii. Mælikvarðar almennt varðandi þær 4 meginstoðir sem settar eru fram í stefnurammanum.

- iii. Samsetning stýrihóps verkefnisins. Gagnrýnt að áfangastaðastofur eru ekki með neinn fulltrúa í stýrihópi verkefnisins.
- iv. Spurt var um hlutverk Vakans, gæða- og umhverfisvottunar ferðapjónustunnar, í tengslum við stefnurammann.
- v. Spurt var um jafnvægisásinn og þá vinnu sem unnin var í tengslum við hann.
- vi. Spurt var hvar verkefnið verði hýst og um eftirfylgni aðgerðaráætlunarinnar.
- vii. Bent á að tímasetning fyrir innsendingu umsagna í samráðsgátt skiptir miklu máli. Háannatími yfir sumarið er ekki góð tímasetning.
- viii. Lagt til að deila stefnurammanum til hagaðila þó svo að vinna í starfshópum sé ekki hafin.
- ix. Aðkoma áfangastaðastofa mikilvæg í þeirri vinnu sem framundan er innan starfshópanna.
- x. Bent á menningarfulltrúa landshlutanna sem aðila sem geta tekið þátt í vinnu innan starfshópanna.

c. Önnur mál

- i. Óskað var eftir viðveru Arnars Más Ólafssonar nýs ferðamálastjóra á næsta fund sem fyrirhugaður er þann 28. febrúar n.k. Arnar Már tekur við sem nýr ferðamálastjóri þann 1. mars n.k.
- ii. Minnisblað um gögn og gagnaöflun í ferðapjónustu frá fundi þann 7. desember 2022. Ekki hefur náðst að senda minnisblaðið til ráðherra eins og ráð var fyrir gert. Engar athugasemdir gerðar af hálfu fundarmanna um innihald blaðsins á þessum fundi. Formaður mun því senda minnisblaðið til ráðherra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:10

Fundargerð ritaði Alda Þrastardóttir (FMS).